

Fait à Varsovie, en double exemplaire, le vingt deux mars mil neuf cent vingt-quatre. Gert í Varsjá í tveim eintökum 22. marz 1924. 73
8. nóv.

Maurycy Zamoycki.
N. P. Arnstedt.
Józef Kiedrón.

Maurycy Zamoycki.
N. P. Arnstedt.
Józef Kiedrón.

Fullgildingarskjöllum skipzt á í Varsjá, 13. ágúst 1924.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 8. nóvember 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

AUGLÝSING

um

samkomulag milli Íslands og Síams snertandi ríkisborgarana og viðskipti landanna.

74
9. nóv.

Stjórnir Íslands og Síams hafa með bréfum, dags. 1. september 1925, ákvarðað, að vináttu-verzlunar- og siglingasamningurinn milli Síams og Danmerkur frá 21. maí 1858, og seinni samningar, gildi ekki frá dagsetningardegi bréfanna í viðskiptum Íslands og Síams. Jafnframt er því lýst yfir af hálfu Síams, að það sé reiðubúið, verði það talið nauðsynlegt að koma skipun á viðskipti þess við Ísland með samningi, er verði í samræmi við meginreglurnar í samningi, er gerður var sama dag milli Síams og Danmerkur, og auk þess tekið fram, að ákvæði viðaukabókunar, sem undirrituð var um leið og nefndur samningur snertandi afstöðu dómsvaldsins til danskra þegna í Síam, nái einnig til íslenzkra ríkisborgara.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 9. nóvember 1929.

Tryggvi Þórhallsson.